

VSÓ Ráðgjöf ehf
Stefán Gunnar Thors
Borgartúni 20
105 Reykjavík

2007090063
8613; 9310

Reykjavík, 28. nóvember 2007
/--

Efni: Bakkafjöruhöfn, Bakkafjöruvegur (254) og efnistaka vegna framkvæmda á Seljalandsheiði og úr Markarfljótsaurum. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar og Siglingastofnunar að matsáætlun um byggingu Bakkafjöruhafnar, lagningu Bakkafjöruvegur (254) og efnistöku vegna framkvæmdanna á Seljalandsheiði og úr Markarfljótsaurum.

Skipulagsstofnun barst með bréfi VSÓ Ráðgjafar dags. 1. október 2007, tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Siglingastofnun og Vegagerðin. Bygging Bakkafjöruhafnar, Bakkafjöruvegur (254) og efnistaka vegna framkvæmda á Seljalandsheiði og úr Markarfljótsaurum. VSÓ Ráðgjöf. 1. október 2007.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Rangárþingi eystra, Vestmannaeyjabæ, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, veiðimálstjórn Landbúnaðarstofnunar, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Sveitarstjórn Rangárþings eystra með bréfi dags. 30. október 2007, bæjarráði Vestmannaeyjabæjar með tölvupósti dags. 25. október 2007, Byggðastofnun með bréfi dags. 19. október 2007, Fornleifavernd ríkisins, með bréfi dags. 18. október 2007, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 29. október 2007, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, með bréfi dags. 13. nóvember 2007, veiðimálstjórn Landbúnaðarstofnunar með bréfi dags. 9. október 2007, Landgræðslu ríkisins, með bréfi dags. 15. október 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. október 2007. Skipulagsstofnun barst athugasemd frá Páli Zóphóníassyni með tölvupósti 19. október 2007. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemdar með tölvupósti dags. 21. og 22. október og 21. nóvember 2007.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í umsögnum bæjarráðs Vestmannaeyjabæjar, Byggðastofnunar, Fornleifaverndar ríkisins Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, veiðimálstjórnar Landbúnaðarstofnunar eru ekki gerðar athugasemdir við efni tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum/tölvubréfum VSÓ Ráðgjafar dags. 21. og 22. október og 21. nóvember 2007 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmdasvæði og kostir

Bakkafjöruvegur (254). Í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaðan Bakkafjöruveg. Í umsögn Rangárþings eystra kemur fram að við síðari umræðu sveitarstjórnarinnar um breytingartillögu á aðalskipulagi hafi verið tekin ákvörðun um að breyta legu vegarins frá Þjóðvegi 1 að fyrirhuguðu hafnarsvæði. Í svörum framkvæmdaraðila er fallist á að afla gagna um umhverfisþætti er lúta að breyttri veglínu og leggja hana fram sem kost í frummatsskýrslu auk þess að skoða möguleika á núverandi vegstæði um Bakkaveg nr. 253, um Voðmúlastaði, Gunnarshólma og Guðnastaði að Bakkaflogvelli og þaðan valkosti A og B niður að Bakkafjöruhöfn. Sveitarstjórn Rangárþings eystra bendir á í umsögn að hún telji rétt að gerð sé grein fyrir kosti sem feli í sér stystu leið eftir núverandi vegakerfi, frá Þjóðvegi 1 fram hjá Voðmúlastöðum að Grenstanga og að flugvelli.

Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir þeim breytingum á legu Bakkafjöruvegur miðað við þá legu sem kynnt var í tillögu að matsáætlun. Þá telur stofnunin að framkvæmdaraðili þurfi að rökstyðja frekar í frummatsskýrslu hvers vegna ekki komi til greina ofangreindur valkostur sem felur í sér stystu leið eftir núverandi vegakerfi, frá Þjóðvegi 1 fram hjá Voðmúlastöðum að Grenstanga og að flugvelli.

Umferðarspá. Í kafla 4.2.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umferðarspá. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í umfjöllun um framtíðarumferðarspá komi skýrt fram hvaða forsendur séu lagðar til grundvallar henni.

Efnistaka. Í kafla 3.3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um grjótnámu. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum efnistöku í grjótnámunni. Fram þarf að koma stærð námu í m² og lýsing á frágangi efnistökusvæðis að framkvæmdum loknum og fjallað um námuna á sama hátt og ætlunin er með malarnámur á Markarfljótsaurum.

Mat á umhverfisáhrifum

Samfélagsleg áhrif. Í kafla 9.2.11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrif framkvæmda á samfélag og greint frá því að í frummatsskýrslu verði greint frá niðurstöðum skýrslunnar „Áhrif ferju um Bakkafjöruhöfn á samfélag og byggð í Vestmannaeyjum og á öðrum svæðum Suðurlands ” sem gerð var á vegum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst árið 2006. Í athugasemdum Páls Zóphóníassonar er m.a vísað til umræddrar skýrslu og bendir á nokkra þætti sem þarfnast betri skoðunar s.s.viðmið um stærð atvinnusvæða, ferðatíma og bílaumferð.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þegar greint verður frá niðurstöðum skýrslu Rannsóknarmiðstöðvarinnar í frummatsskýrslu að þær séu gegnsæjar, þ.e ljóst sé hvað liggja til grundvallar spám er varða t.d farþega fjölda, kostnað, ferðatíma o.fl.

Efnistaka. Í kafla 9.1.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrif efnistöku á umhverfið. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla um áhrif efnisflutninga á samgöngur á landi, einkum frá fyrirhuguðu efnistökusvæði á Seljalandsheiði og hugsanlegar aðgerðir til að auka öryggi þeirra m.t.t. annarra samgangna. Fyrir liggur að fyrirhugað er að taka talsvert efnismagn úr ofangreindri námu. Því telur stofnunin mikilvægt að í frummatsskýrslu verði greint frá og lagt mat á áhrif grjótnáms á Seljalandsheiði á landslag, fuglalíf og gróðurfar. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hversu mikið efni er áætlað í uppbyggingu í aðkomuvegar að grjótnámunni og hvaðan það efni verði fengið.

Náttúruvá. Í kafla 9.2.12 í tillögu að matsáætlun er fjallað um náttúruvá þar sem fram kemur að greint verði frá heimildum um náttúruvá í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í frummatsskýrslu verði greint frá helstu niðurstöðum Almannavarna ríkisins við gerð hættumats vegna eldgosa og hlaupa frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli, m.t.t. fyrirhugaðra framkvæmda.

Landslag. Í kafla 9.2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag. Skipulagsstofnun telur í frummatsskýrslu þurfi að leggja mat á áhrif grjótnáms á Seljalandsheiði á landslag og gera grein fyrir sjónrænum áhrifum grjótnámsins frá völdum stað/stöðum í nágrenni námunnar.

Verndarsvæði. Í kafla 8.3.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um verndarsvæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að hluti svæðis á náttúruminjaskrá sé jafnframt á skrá sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði hjá alþjóðlegu fuglaverndunarsamtökunum (IBA) Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um staðsetningu þessa mikilvæga fuglasvæðis, sem skv. skráningu IBA er nefnt Markarfljótsaurar og að hve miklu leyti fyrirhugað framkvæmdasvæði muni skarast við það svæði sem skráð er umræddan lista og jafnframt sé greint frá forsendum friðunarinnar.

Fuglalíf. Í kafla 9.2.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áhrif framkvæmda á fuglalíf. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þar sem hluti framkvæmdasvæðis er á fyrrgreindum lista yfir mikilvæg búsvæði fugla, að skoðuð séu áhrif framkvæmdarinnar á það svæði m.t.t. fuglalífs og þá sérstaklega spóa, en hann er skráður sem lykilfuglategund búsvæðisins skv. flokkun IBA. Við matið verði skoðað með heildstæðum hætti þau áhrif sem hugsanlegar breytingar á vatnsrennsli geti haft á gróðurfar og þar með umrætt búsvæði fugla.

Skipulag og leyfi. Í kafla 8.3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samræmi framkvæmdar við skipulagsáætlanir. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir samræmi hinna einstöku framkvæmdarþátta við aðalskipulag Rangárþings eystra

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Sveitarstjórn Rangaárþings eystra, Sveitarstjórn Vestmannaeyjabæjar, Byggðastofnun, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, veiðimálatjórni Landbúnaðarstofnunar, Landgræðslu ríkisins, Umhverfissráðuneyti og Umhverfisstofnun.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir